

Miðvikudaginn 20. desember 1995 kl. 12:15

67. fundur Samkeppnisráðs

Álit nr. 12/1995

## **Kvörtun Össurar hf. yfir útboði Tryggingastofnunar ríkisins og Ríkiskaupa**

### **I.**

#### **Erindið**

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 22. mars 1995, frá Aðalsteini E. Jónassyni hdl. f.h. Össurar hf. vegna útboðs Ríkiskaupa nr. 10105 til kaupa á spelkum, gervilimum og bæklunarskóm fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Erindið er í raun tvíþætt. Í fyrsta lagi lýsir lögmaðurinn þeirri skoðun umbjóðanda síns, sem var þátttakandi í útboðinu, að ekki hafi verið staðið rétt að útboðsmeðferðinni og úrvinnslu tilboða af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins. Lögmaðurinn telur að brotið hafi verið gegn ýmsum ákvæðum samkeppnislaga nr. 8/1993, laga um opinber innkaup nr. 52/1987 og laga um framkvæmd útboða nr. 65/1993. Í öðru lagi kveður lögmaðurinn umbjóðanda sinn vera þeirrar skoðunar að útboð af þessu tagi fái almennt ekki staðist skv. samkeppnislögum. Af þeim sökum telji hann mikilvægt að útboðið verði í heild sinni ógilt og það endurtekið ef á annað borð verði talið eðlilegt að viðhafa útboð um þessa vöru og þjónustu. Krefst hann þess að Samkeppnisráð grípi til þeirra úrræða sem það hafi samkvæmt lögum til að svo megi verða.

Umfjöllun samkeppnisyfirvalda um þann þátt erindisins er varðar framkvæmd útboðsins lauk með ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 34/1995, dags. 20. desember 1995, þar sem kvörtuninni var vísað frá. Verður hér birt álit á grundvelli d-liðar 2. mgr. 5. gr. samkeppnislaga varðandi þann þátt erindisins er snýr að því álitaefni hvort slíkt útboð sem hér um ræðir sé almennt andstætt samkeppnislögum.

## II. Málavextir og lagarök

### 1.

Útboð nr. 10105 til kaupa á spelkum, gervilimum og bæklunarskóm var framkvæmt með stoð í 41. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993. Í því ákvæði er sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar veitt heimild til að semja, m.a. með útboði, við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þá þjónustu sem stofnuninni ber að veita skv. lögum. Ríkiskaup höfðu milligöngu um útboðsmeðferðina og fór fram svokallað lokað útboð. Með lokuðu útboði er átt við útboð þar sem tilteknum aðilum er einum gefinn kostur á að gera tilboð og eingöngu er heimilt að taka við tilboðum frá þeim sem boðið hefur verið að taka þátt, sbr. 2. og 15. gr. laga nr. 65/1993 um framkvæmd útboða. Fer þá fram forval í upphafi útboðsmeðferðar, þar sem kaupandi velur þá sem fá að taka þátt í hinu lokaða útboði.

Í erindi lögmannsins kemur fram, að Össur hf. hafi gert tilboð í spelkur og gervilimi. Tilboðin í gervilimi hafi öll verið samþykkt en þrátt fyrir það geri hann ýmsar athugasemdir við útboðið og úrvinnslu þess. Í erindi lögmannsins segir m.a. : *„Af hálfu Össurar hf. er í fyrsta lagi litið svo á að útboð á umræddum vörum og þjónustu fái ekki staðist vegna þess hversu sérstakar aðstæður eru til staðar og þá sérstaklega vegna stöðu TR sem einkakaupanda á umræddum útboðsvörum (og þjónustu). Í annan stað liggur ljóst fyrir að TR hefur ekki haft í heiðri ýmis grundvallarsjónarmið sem gilda um útboðsmeðferð af umræddum toga. Þannig er ekki nóg með að útboðið sem slíkt sé andstætt lögum heldur stangast útboðsmeðferðin jafnframt á við lög.“*

Lögmaður Össurar hf. telur ljóst, með vísan til 2. gr. samkeppnislaga, að lögin taki til þeirrar starfsemi Tryggingastofnunar sem hér um ræðir. Lögin taki til hvers konar atvinnustarfsemi án tillits til þess hvort hún sé rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Lögmaðurinn bendir sérstaklega á markmið laganna, sem skv. 1. gr. sé m.a. að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Í því tilviki sem hér um ræðir leiði útboðið til óhagkvæmrar nýtingar framleiðsluþátta sem fólgin sé í því að valkostum viðskiptavina fækki, framleiðsla og sala verði dýrari og keppinautar útilokist frá markaðnum, sbr. b-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Í erindinu kemur fram sú skoðun lögmannsins, að hafa verði sterklega í huga að andlag umrædds útboðs sé nokkuð sérstaks eðlis, þ.e. spelkur, gervilimir og bæklunarskór. Einungis sé heimilt að vísa þessu fólki til þeirra sem gert hafi samning við Tryggingastofnun um smíði og hönnun umræddra tækja. Þeir sem þurfi á tækjunum að halda hafi ekki lengur val um það hvert þeir leiti um smíði hjálpartækja.

Lögmaðurinn telur hagsmunum Tryggingastofnunar og ríkisins borgið með því fyrirkomulagi sem fyrr tíðkaðist, þ.e. með því að stofnunin greiði ákveðna upphæð af umræddum búnaði. Þannig sé unnt að láta markaðslögmálin um það við hvern fólk kýs að skipta og hversu mikið það er tilbúið að reiða af hendi úr eigin vasa. Bendir lögmaðurinn á að reglur um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar fyrir gervibrjóst séu með þessum hætti.

Einnig bendir lögmaðurinn á það í erindinu að umbjóðandi hans hafi mikla hagsmuni af því að vera ekki útilokaður frá því að selja stoðtæki þar sem fyrirtækið byggir afkomu sína á þeim rekstri og hafi gert það í tuttugu ár. Í skjóli stöðu sinnar sem einkakaupandi á umræddri vöru sé Tryggingastofnun að útiloka umbjóðanda hans, hvað varði vöru og þjónustu sem ekki hafi fengist samþykkt, frá viðskiptum sem hann hafi byggt upp í gegnum árin með góðri þjónustu og framleiðslu. Því sé mikilvægt að útboðið í heild sinni verði ógilt svo og þeir samningar sem gerðir hafi verið á grundvelli þess, hvort sem slíkt verði gert fyrir atbeina stjórnvalda eða dómstóla.

## 2.

Erindi Aðalsteins E. Jónassonar hdl. var sent Tryggingastofnun ríkisins til umsagnar og barst svar í bréfi, dags. 5. apríl 1995, frá Helga V. Jónssyni hrl. fyrir hönd Tryggingastofnunar. Í bréfinu rekur lögmaðurinn málsatvik og kveður við útboðsmeðferðina hafa verið litið til útboðsmeðferðar Svía en Ríkiskaup hafi haft milligöngu um útboðið.

Í bréfinu mótmælir lögmaðurinn þeirri fullyrðingu lögmanns Össurar hf., að Tryggingastofnun sé einkakaupandi á umræddum útboðsvörum. Lögmaðurinn kveður Tryggingastofnun stóran kaupanda en ekki einkakaupanda. Allar dvalarstofnanir, elliheimili, Borgarspítalinn og öll önnur sjúkrahús víðs vegar um landið séu einnig kaupendur þessara vara. Tryggingastofnun og ríkisspítalarnir hafi hins vegar staðið að útboði þessu.

Því er alfarið hafnað að útboðið sé andstætt samkeppnislögum. Útboðið sé eins og önnur útboð í fyllsta samræmi við þann tilgang samkeppnislaga að efla virka samkeppni og vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Í útboðinu og samningum byggðum á því sé leitast við að gefa skjólstæðingum Tryggingastofnunar kost á að velja milli mismunandi tegunda hjálpartækja, þar sem þarfir þeirra séu fjölbreytilegar sem og framboð hjálpartækja. Þá telur lögmaðurinn ótvírætt að útboðið hafi leitt til verðlækkunar, stöðlunar hjálpartækja og greiðari framkvæmdar bæði fyrir þá sem vísi á hjálpartæki, stofnunina sjálfa og skjólstæðinga hennar. Eðli máls samkvæmt hljóti útboð hins vegar að leiða til tilfærslu verkefna milli verksala. Lögmaðurinn kveður Tryggingastofnun hafa reynt þá aðferð að stofnunin greiddi sinn hluta í kaupum hjálpartækja með ákveðnum föstum greiðslum en sú aðferð hafi verið talin leiða til hærra verðs fyrir kaupanda. Lögmaðurinn bendir á að samkvæmt samningi Össurar hf. og Tryggingastofnunar sé fyrirtækinu gefinn kostur á umtalsverðum viðskiptum við skjólstæðinga stofnunarinnar.

### 3.

Athugasemdir lögmanns Össurar hf. við umsögn lögmanns Tryggingastofnunar bárust með bréfi, dags. 29. maí 1995. Í bréfinu rökstyður lögmaðurinn ítarlega hvers vegna hann telji slíkt útboð andstætt samkeppnislögum. Telur hann útboð almennt hafa þau jákvæðu áhrif að neytandinn eigi þess kost að kaupa ódýrari vöru eða þjónustu. Valið eigi hins vegar að vera neytandans og nauðsynlegt sé að hann eigi þess kost að kaupa dýrari vöru, henti hún honum betur. Þessi rök eigi ekki síst við ef um sé að ræða varning eins og þann er hér um ræðir, sem hafi úrslitaáhrif á vellíðan viðkomandi. Með því fyrirkomulagi sem komið hafi verið á með útboðinu eigi neytandinn þess ekki kost að leita til þess fyrirtækis sem hann kýs um smíði og hönnuð umræddra tækja. Hann sé knúinn til að eiga viðskipti við þá aðila eina sem Tryggingastofnun hafi ákveðið að gera samning við. Að þessu leyti sé útboð þetta sérstakt. Tryggingastofnun hafi enga hagsmuni af því að þvinga bæklaða einstaklinga til að kaupa spelkur eða gervilimi af tilteknum fyrirtækjum. Hagsmunum stofnunarinnar og ríkisins sé fullkomlega borgið með því að greiða tiltekna upphæð af hverri vöru. Óheft samkeppni muni síðan leysa úr því hverjir þurfi að þola að viðskipti færast yfir til annarra og hverjir ekki. Lögmaðurinn telur ótvírætt að valkostum viðskiptavina fækki með því útboðsferli sem hér sé rætt um. Einnig telur hann ljóst að Össur hf. hafi verið útilokaður frá markaðnum að því er varði vöruflokka sem ekki hafi fengist samþykktir. Lögmaðurinn ítrekar því kröfu

sína um að Samkeppnisráð grípi til þeirra heimilda sem felist í ákvæðum 17. gr. samkeppnislaga.

#### 4.

Umsögn Aðalsteins E. Jónassonar hdl. var send Helga V. Jónssyni hrl. til athugasemda. Athugasemdir hans bárust í bréfi, dags. 17. ágúst 1995. Í bréfinu eru fyrri röksemdir lögmannsins ítrekaðar.

### III.

#### Álit Samkeppnisráðs:

#### 1.

Með vísan til markmiðs samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 1. gr., vekur Samkeppnisráð athygli Tryggingastofnunar ríkisins á eftirfarandi álitum sem birt er á grundvelli d-liðar 2. mgr. 5. gr. laganna.

Af gögnum málsins má ráða að fyrirsvarsmenn Össurar hf. líta svo á að útboð af því tagi sem hér er til umfjöllunar fái ekki staðist gagnvart samkeppnislögum. Hefur lögmaður Össurar hf. m.a. bent á þau rök að með útboðinu hafi Tryggingastofnun að hluta til útilokað Össur hf. frá þeim markaði sem fyrirtækið hefur starfað á í tvo áratugi. Fyrirtækið eigi þess ekki lengur kost að selja þau hjálpartæki sem samningar fengust ekki um við Tryggingastofnun. Útboðið hafi þessi áhrif vegna þeirrar sérstöku stöðu sem er á þeim markaði sem um ræðir. Tryggingastofnun sé því sem næst einkakaupandi á útboðsvörum og samþykki stofnunin ekki tilboð tiltekins fyrirtækis, sé viðkomandi fyrirtæki þar með útilokað frá markaðnum. Lögmaðurinn heldur því fram að vegna sérstöðu viðkomandi markaðar standist útboð af þessu tagi ekki b-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga, þar sem fjallað er um óhagkvæma nýtingu framleiðsluþátta, m.a. vegna þess að keppinautar útilokist frá markaðnum.

Einnig hefur verið bent á, að andlag umrædds útboðs sé nokkuð sérstaks eðlis, þ.e. spelkur, gervilimir og bæklunarskór. Lítur lögmaður Össurar hf. svo á, að það sé óeðlilegt að þeir sem þurfi á slíkum tækjum að halda eigi ekki val um það hvert þeir leiti um smíði tækjanna. Útboð Tryggingastofnunar hafi þannig óhagkvæma nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins í för með sér vegna þess að valkostum viðskiptavina fækki, sbr. b-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

## 2.

Um umrætt útboð gilda m.a. lög nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda, lög nr. 52/1987 um opinber innkaup og lög nr. 65/1993 um framkvæmd útboða. Einnig hefur stjórn opinberra innkaupa gefið út reglur um innkaup ríkisins, sem ætlað er að styðja við ákvæði laga og markmið stjórnvalda um útboð.

Í 1. gr. laga nr. 52/1987 um opinber innkaup kemur fram, að tilgangur laganna er að tryggja hagkvæmni í rekstri ríkisins að því er varðar kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og framkvæmda. Innkaupastofnun ríkisins (nú Ríkiskaupum) er skv. lögnum falið að annast innkaup á vörum og þjónustu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki og skv. 6. gr. skal fylgt þeirri meginreglu „...að bjóða út kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og fjárfestingar. Skal tilboða leitað með hæfilegum fyrirvara. Jafnan skal tekið því boði sem hagkvæmast er miðað við verð, vörugæði, afgreiðslu og aðra skilmála. Skylt er að veita tilbjóðendum upplýsingar um hvaða tilboði er tekið og hvers vegna.“

Það er því ljóst, að löggjafinn hefur sett fram þá meginreglu að bjóða skuli út kaup á þeim vörum og þeirri þjónustu sem ríkið og stofnanir þess þarfnast til rekstrar og framkvæmda. Þessi stefna er almennt til þess fallin að efla virka samkeppni í viðskiptum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Að mati Samkeppnisráðs koma þó sérstök sjónarmið til skoðunar í því máli sem hér er til umfjöllunar.

## 3.

Fram hefur komið að Tryggingastofnun er mjög stór kaupandi að þjónustu þeirri og varningi sem boðin voru út með útboði nr. 10105, þ.e. spelkum, gervilimum og bæklunarskóm. Aðrar stofnanir eru þó einnig kaupendur að þessum vörum, svo sem sjúkrahús og elliheimili, en þar mun hins vegar vera um mjög lágt hlutfall af heildarsölu að ræða. Hefur Tryggingastofnun valið þá leið að nýta sér þá heimild sem henni er veitt í 41. gr. laga um almannatryggingar og semja við þau fyrirtæki sem selja slíkar vörur og þjónustu, að undangengnu lokuðu útboði.

Samkvæmt 2. gr. samkeppnislaga taka lögin til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Til atvinnustarfsemi

Í skilningi samkeppnislaga teljast m.a. kaup í atvinnuskyni á hvers konar vöru eða þjónustu, sbr. 4. gr. laganna. Af þessu má ráða að sú starfsemi Tryggingastofnunar sem um er að tefla í máli þessu fellur undir gildissvið samkeppnislaga og á stofnuninni hvílir því sú skylda að brjóta ekki bannákvæði laganna og hlíta fyrirmælum samkeppnisyfirvalda, nema ákvæði í sérlægum heimili annað.

Í 17. gr. samkeppnislaga er samkeppnisyfirvöldum veitt heimild til þess að grípa til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðgerðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í því að markaðsráðandi fyrirtæki misbeiti aðstöðu sinni.

Almennt er litið svo á í samkeppnisrétti að fyrirtæki eða stofnanir sem stunda kaup í atvinnuskyni séu markaðsráðandi ef þeim er kleift í krafti sterkrar stöðu sinnar að hindra virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og þau geti að verulegu leyti starfað án þess að þurfa að taka tillit til keppnauta og seljenda. Markaðsráðandi staða kaupanda ræðst þannig af því hvort seljendur geta með auðveldum hætti snúið sér að öðrum kaupanda. Ef seljendur neyðast til þess að eiga viðskipti við tiltekinn kaupanda, t.d. vegna ákvæða í lögum, en kaupandinn getur án verulegra takmarkana valið á milli seljenda, þá verður almennt að líta svo á að kaupandinn sé markaðsráðandi.

Ákvæði laga um almannatryggingar gera það að verkum að seljendur þess búnaðar sem mál þetta fjallar um verða að mestu leyti að eiga viðskipti við Tryggingastofnun. Möguleikar á sölu til annarra aðila eru mjög takmarkaðir. Í ljósi þessa verður að líta svo á að Tryggingastofnun sé markaðsráðandi kaupandi í skilningi samkeppnislaga á þeim vörum og þeirri þjónustu sem útboð nr. 10105 tekur til.

Í ákvæði 41. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 segir:

*„Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þá þjónustu sem henni ber að veita samkvæmt lögum þessum. Slíkan samning má gera í framhaldi af útboði. Í þeim tilvikum ákveður sjúkratryggingadeild hvaða tilboði skuli taka eða hvort öllum skuli hafnað. Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg getur sjúkratryggingadeild ráðstafað verkinu á grundvelli fasts samningsverðs.“*

Þannig er ákvæði 41. gr. almannatryggingalaga almennt heimildarákvæði sem í samræmi við meginstefnu löggjafar um útboð kveður á um að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar geti gert samninga um þá þjónustu sem henni ber að veita, að undangengnu útboði.

Til markaðsráðandi fyrirtækja verður að gera mjög ríkar kröfur í samkeppnislegu tilliti. Ýmsir viðskiptahættir á markaði, sem geta talist eðlilegir og samkeppnishvetjandi ef þeir eru ástundaðir af smáu fyrirtæki, geta á hinn bóginn haft skaðleg áhrif á viðkomandi markaði ef markaðsráðandi fyrirtæki á í hlut. Markaðsráðandi kaupanda, eins og Tryggingastofnun, er nauðsynlegt að líta til þessa og gæta þess að beita útboðsheimild af varkárni þannig að sú viðskiptaaðferð hafi ekki samkeppnishamlandi áhrif á þeim markaði sem um er að ræða. Þegar markaðsráðandi fyrirtæki beitir útboði til kaupa á vörum og þjónustu skapast hættu á að valkostum viðskiptavina fækki og keppinautar útilokist frá markaðnum. Auk þess getur þessi viðskiptaaðferð haft letjandi áhrif á þau fyrirtæki sem framleiða vöru sína í skjóli samnings við hinn markaðsráðandi kaupanda. Hætta er á að hvati til vöruþróunar hverfi að miklu leyti og að markaðurinn staðni í raun í þann tíma sem samningurinn gildir.

Við framkvæmd á útboðum og öðrum viðskiptaaðferðum ber Tryggingastofnun að taka tillit til annarra laga og reglna er snerta viðskipti stofnunarinnar. Þessu til stuðnings má benda á lögmætisregluna. Í þeirri grunnreglu felst að matskenndar ákvarðanir stjórnvalda verða að vera í samræmi við lög og eiga sér fullnægjandi stöð í þeim. Áður hefur verið bent á að sú starfsemi Tryggingastofnunar sem álit þetta tekur til fellur undir gildissvið samkeppnislaga. Má því vera ljóst að við beitingu á heimildarákvæðinu í 41. gr. laga nr. 117/1993 verður Tryggingastofnun á grundvelli lögmætisreglunnar og almennra lögskýringarsjónarmiða að hafa hliðsjón af ákvæðum samkeppnislaga. Eðli málsins samkvæmt getur almennt heimildarákvæði, eins og 41. gr. laga nr. 117/1993, ekki leyst stofnunina undan þessari skyldu eða takmarkað heimildir samkeppnisyfirvalda til þess að grípa til aðgerða á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga ef þau telja að Tryggingastofnun hafi við útboð misbeitt markaðsráðandi stöðu sinni.



#### 4.

Útboð Ríkiskaupa nr. 10105 tekur til kaupa eða greiðslna Tryggingastofnunar á tilgreindum stoðtækjum yfir tveggja ára tímabil. Þegar samningar höfðu verið gerðir við einstaka seljendur á grundvelli útboðsins var í reynd, í ljósi markaðsráðandi stöðu Tryggingastofnunar, búið að njörva niður þann markað sem um ræðir. Útboðið leiðir til stöðlunar á stoðtækjunum, sbr. það sem segir í athugasemdum Tryggingastofnunar, og því má ætla að dragi úr vörubrún. Nýir keppinautar komast ekki inn á markaðinn meðan samningar byggðir á útboðinu eru í gildi og valkostum þeirra sem nota stoðtækin fækkar.

Það er mat Samkeppnisráðs að útboð Tryggingastofnunar á stoðtækjum við þær aðstæður sem ríkja á þeim markaði þegar stofnunin greiðir stærstan hluta í kostnaði tækjanna geti takmarkað samkeppni. Á hinn bóginn er það sjálfstætt athugunarefni hvort útboð nr. 10105 hafi verið með þeim hætti að lagalegar forsendur séu fyrir því að samkeppnisyfirvöld grípi til aðgerða á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga. Í því sambandi verður að hafa hugfast að gerðar eru að lögum ríkar kröfur til beitingar íþyngjandi stjórnvaldsaðgerða, sem aðgerðir á grundvelli 17. gr. eru.

Við mat á því hvort Tryggingastofnun hafi misbeitt markaðsráðandi stöðu sinni með útboði nr. 10105 verður að taka tillit til þess að stofnuninni er að lögum heimilt að beita slíkri viðskiptaaðferð. Eins og áður er getið um verður stofnunin að hafa hliðsjón af ákvæðum samkeppnislaga við þessa starfsemi sína. Þegar útboðsmeðferðin í máli þessu er virt verður ekki betur séð en það hafi verið markmið Tryggingarstofnunar að lágmarka skaðleg áhrif á samkeppni. Þannig samþykkir stofnunin tilboð frá mörgum fyrirtækjum fyrir hvern vöruflokk og kemur með því í veg fyrir að valkostum viðskiptavina fækki meira en nauðsynlegt er. Einnig virðist þess vera gætt af hálfu stofnunarinnar að enginn þeirra keppinauta er tóku þátt í útboðinu útilokist frá markaðnum. Þegar ofangreint er virt telur Samkeppnisráð ekki hafa verið sýnt fram á nægilegar forsendur fyrir því að grípa til aðgerða á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga vegna útboðs Tryggingastofnunar.

#### 5.

Samkeppnisráð beinir þeim tilmælun til Tryggingastofnunar ríkisins að stofnunin taki í framtíðinni ríkt tillit til stöðu sinnar og þeirra samkeppnislegu áhrifa sem hún hefur á markaði fyrir þann búnað og þau tæki sem hún tekur

þátt í að greiða fyrir þá sem tryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum. Vísast í því sambandi til ákvæða samkeppnislaga.

Útboð Tryggingastofnunar á stoðtækjum felur í sér forræðisstefnu sem ekki er í anda góðra samkeppnishátta. Með því að hverfa frá þessari stefnu til aukinnar upplýsingamiðlunar og fastrar greiðsluþátttöku í einstökum stoðtækjum getur Tryggingastofnun stuðlað að virkari samkeppni á markaðnum.

Tryggingastofnun er milliliður seljenda og notenda umrædds búnaðar vegna greiðsluþátttöku sinnar og kann með því að slæva verðskyn notendanna og draga úr samkeppni seljenda. Það er því hlutverk Tryggingastofnunar, óski hún eftir aukinni samkeppni og lægra vöruverði án samkeppnishindrandi aðgerða, að upplýsa notendurna og lækna þeirra um verðmun á stoðtækjum og þess háttar búnaði, eða með öðrum hætti að auka gagnsæi á þeim markaði sem hér um ræðir.

*[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 2/1996](#)]*